

4. gr.

72

Síðasti málsliður 10. gr. laganna orðist svo: Fyrir gjaldskylda styrkþega greiðir 27. júní hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóður sóknargjöld.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

73

um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar.

27. júní

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skipa skal söngmálastjóra fyrir hina íslensku þjóðkirkju. Skal hann vera söngfróður maður og vanur að kenna söngflokkum. Heldur hann námskeið með kirkjuorganistum, leiðbeinir þeim um söngkennslu og söngstjórn, aðstoðar þá við stofnun safnaðarsöngflokka, heldur almenn námskeið í safnaðarsöng og vinnur á annan hátt að því, með prestum og organistum, að íslenskur safnaðarsöngur verði sem almennastur og fegurstur.

Jafnframt leiðbeinir hann prestum, eftir því sem við verður komið, um tón og rétta beiting raddar.

Biskup setur söngmálastjóra erindisbréf. Laun hans greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðherra skipar söngmálastjóra í samráði við biskup. Ráðherra ákveður laun söngmálastjóra og ferðakostnað hans.

3. gr.

Nánari reglur um starfssvið söngmálastjóra setur biskup í erindisbréfi og starfsáætlun fyrir hvert ár.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.